



Alþingi  
Nefndasvið Alþingis  
b.t. velferðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 6. nóvember 2023  
2210323 LÍV / 10.0/

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um félagafrelsi á vinnumarkaði, 313. mál.

Mál þetta er nú endurflutt frá síðasta þingi og veitti Landssamband Íslenskra verzlunarmanna þá umsögn sem hér fer á eftir, efnislega óbreytt. Ítrekað skal að frumvarpið, yrði það að lögum, felur í sér uppbrot á Íslenska vinnumarkaðsmódelinu sem þróast hefur í sátt til þess að henta því litla samfélagi sem Ísland er, dreifðum byggðum landsins og Íslensku hagkerfi. Árangur þess og virkni er óumdeild, ekki hvað sist við efnahagslegar aðstæður eins og nú ríkja í aðdraganda endurnýjunar nánast allra kjarasamninga á næstu mánuðum.

Landssamband Íslenskra verslunarmanna (LÍV) gerir alvarlegar athugasemdir við frumvarp nr. 313 á 154 löggjafarþingi um félagafrelsi á vinnumarkaði, enda myndi það hafa skaðleg áhrif á íslenskan vinnumarkað og myndi draga úr, þvert á yfirlýstan tilgang, félagafrelsi og möguleikum launafólks til þess að taka þátt í og/eða stofna með sér félög í þeim tilgangi að ná fram bættum kjörum.

Á mörgum þeim mælikvörðum sem notaðir eru til þess að gera samanburð milli landa kemur skýrt fram að lífskjör hér á landi eru góð. LÍV, sem fulltrúar launafólks, telur að það séu ríkir almannahagsmunir að viðhalda og berjast fyrir bættum lífskjörum okkar félagsfólks. Ísland er í dag í fremstu röð þegar kemur að stéttarfélagsaðild og telur LÍV að þessi almenna stéttarfélagsaðild sé grunnur þeirra góðu lífskjara sem almenningur nýtur hér á landi. Lífskjör á Íslandi má til dæmis bera saman við önnur lönd með Better Life Index OECD<sup>1</sup>. Almenn þátttaka í stéttarfélögum hefur orðið til þess að launafólk á Ísland hefur náð fram mikilvægum umbótum á lífskjörum sínum, sem um leið almenningur allur nýtur. Fyrir utan kaupmátt þá er óumdeilt að Ísland stendur í fremstu röð þjóða þegar kemur að jafnfrétti, sem sannarlega hefur verið eitt af helstu áherslumálum samtaka launafólks og LÍV bendir þar m.a. á frumkvæði VR og LÍV varðandi jafnlaunavottun.

<sup>1</sup> <https://www.oecdbetterlifeindex.org/countries/iceland/>

Í frumvarpinu er ítrekað vitnað til þess að ætlunin sé að færa íslenskan vinnumarkað til samræmis við það sem gerist á Norðurlöndunum. Á sama tíma virðist engin tilraun gerð til þess að færa annað á íslenskum vinnumarkaði til samræmis við það sem gerist á hinum Norðurlöndunum, þar sem m.a. er tryggt að starfsfólk hafi beina aðild að stjórnnum fyrirtækja og velferðarkerfi hafa verið framkvæmd með allt öðrum hætti en hér á landi. M.ö.o. hér er lagt fram frumvarp án þess að nokkur tilraun sé gerð til þess að meta ástand á vinnumarkaði á Norðurlöndunum og hvort vinnumarkaður hér á landi sé mögulega ólíkur því sem gerist á Norðurlöndum. Hér á landi hefur samtökum launafólks m.a. verið falið margvíslegt hlutverk, sem á hinum Norðurlöndunum er á hendi hins opinbera og það hlýtur því, að mati LÍV að kalla á vönduð vinnubrögð varðandi allar breytingar á lögum. Mikilvægt sé að þær breytingar sem stefnt sé að nái þeim markmiðum að auka félagafrelsi, en LÍV telur að þetta frumvarp væri afturför hvað varðar rétt launafólks til þess að vera í stéttarfélögum.

LÍV telur að sú breyting sem lögð er til í þessu frumvarpi myndi hafa verulegar, alvarlegar og ófyrirséðar neikvæðar afleiðingar fyrir lífskjör almennings á Íslandi og þá sérstaklega þeirra hópa sem eru hvað viðkvæmastir á vinnumarkaði. LÍV byggir það m.a. á upplýsingum frá samtökum verslunarfólks í Danmörku um það sem fylgdi í kjölfar úrskurðar MDE sem vísað er til í frumvarpinu. Óumdeilt er að reynslan af þeirri breytingu er neikvæð fyrir stöðu verslunarfólks í Danmörku. HK Handel, samtök sambærileg LÍV í Danmörku, sögðu áhrifin hafi orðið þau að ungt fólk varð berskjaldað á vinnumarkaði auk þess sem sumir atvinnurekendur hafi beitt sér gegn aðild að stéttarfélögum. Sá þröskuldur sem varð til varðandi aðild að stéttarfélögum, varð til þess að þeir hópar sem viðkvæmastir eru á vinnumarkaði voru undir þrýstingi að standa utan stéttarfélaga. Sem hafi orðið til að auka á mismunun og ýtt undir samfélagslegan óróa þar sem ungt fólk og þau sem komu ný inn á vinnumarkað töldu sig standa höllum fæti á vinnumarkaði.

Það má til dæmis benda á að Amazon hefur beitt sér gegn aðild síns starfsfólks að verkalýðsfélögum og svipaða sögu er því miður að segja af fjölpjódlegum fyrirtækjum sem starfa á sviði verslunar og þjónustu og eru með starfsemi á Norðurlöndunum. Samtök verslunarfólks á Norðurlöndunum hafa því í auknum mæli horft til þeirrar umgjörðar sem hér er varðandi stéttarfélagsaðild, enda sé rík hefð fyrir starfi stéttarfélaga á Norðurlöndunum og sú framkvæmd sem hér er viðhöfð einföld og bæti stöðu launafólks.

LÍV bendir á að staða launafólks á vinnumarkaði er afar misjöfn og LÍV telur að sú breyting sem hér er lögð til muni koma verst niður á viðkvæmstu hópunum á vinnumarkaði, það er ungu fólki og fólki sem er nýtt á íslenskum vinnumarkaði, enda hafi það verið reynslan á hinum Norðurlöndunum. Því leggjumst við eindregið gegn hugmyndum sem gætu haft neikvæð áhrif á getu launafólks til þess að vera í stéttarfélögum.

Borið hefur á andstöðu atvinnurekenda gegn aðild launafólks að stéttarfélögum á hinum Norðurlöndunum. Ekki sökum þess að launafólk hafi sýnt því minni áhuga að vera í stéttarfélögum, heldur vegna þess að atvinnurekendur sjái tækifæri í því að launafólk sé í veikari stöðu þegar kemur að samningum. LÍV bendir á að breski hagfræðingurinn Joan Robinson varð fyrst til þess að sýna fram á þennan markaðsbrest í bók sinni **The Economics of Imperfect Competition** sem kom út fyrst 1933<sup>2</sup> Joan sýndi fram á þegar einn aðili er kaupandi, en margir seljendur, þá skapast misbrestur, líkt og í einokun. Aðili í einokunaraðstöðu getur ráðið verðlagi á vörum sem eru seldar, á meðan sá sem er eini kaupandi á markaði stýrir verðlagi á innkaupsverði. Atvinnurekandi er í þessari stöðu við ráðningu starfsfólks og getur í krafti þeirrar stöðu haft áhrif á laun og launapróun.

Þetta skýrir mikilvægi stéttarféлага fyrir launafólk í viðkvæmri stöðu<sup>3</sup> því þessi markaðsmisbrestur veldur því sem hagfræðingar nefna á ensku „Pigouvian Exploitation of Labor“ og Joseph Persky og Herbert Tsang fjölluðu um í rannsókn sem birt var í *The Review of Economic and Statistics* árið 1974<sup>4</sup>. Atvinnurekandi fær, við þessar aðstæður, í sinn hlut stærri skerf af arðsemi vinnuframlags launafólks í krafti markaðsráðandi stöðu sinnar og nær þannig fram aukinni arðsemi. Hér er því um að ræða markaðsbrest sem ríkir almannahagsmunir eru af því að leiðrétta, en með aðkomu stéttarféлага skapast mun betra jafnvægi milli aðila á vinnumarkaði.

Samtök launafólks og stéttarfélög mynda m.ö.o. mikilvægt mótvægi við samningaborðið fyrir launafólk. Þetta gera stéttarfélög hér á landi fyrir „allt launafólk“ í samningum við atvinnurekendur og því eðlilegt að öll sem njóta standi sameiginlega að stéttarfélögum. LÍV telur þetta vera afar mikilvægt hlutverk í þágu almannahagsmuna, því stéttarfélög ná með þessu fram hagsbótum fyrir allan almenning og skapa hér betri vinnumarkað og auka jöfnuð. Í ljósi þess að aukinn ójöfnuður er talinn ýta undir óróa og skapa samfélagsleg vandamál, þá er það mat LÍV að mikilvægt sé, á grundvelli almannahagsmuna, að hér sé ekki unnið að því að auka ójöfnuð, líkt og LÍV telur að þetta frumvarp myndi gera.

LÍV telur, auk þess sem ofan er talið, að ekki sé rétt að draga þá ályktun af dómi MDE að sama ástand ríki á íslenskum vinnumarkaði og var í Danmörku. Hér á landi sé nú þegar félagafrelsi, enda séu fjölmargar tegundir stéttarféлага sem standi launafólki til boða og þar ríki nú þegar samkeppni. Öll félög og deildir LÍV hafa lagt á það áherslu að stéttarfélög séu öllum opin og ekki sé farin sú leið á íslenskum vinnumarkaði að einstök fyrirtæki séu með sérstök stéttarfélög sem eingöngu semji fyrir hönd þeirra starfsfólks. LÍV telur að slíkt væri óheppilegt bæði fyrir launafólk og samfélagið allt. LÍV telur í því ljósi að engin þörf sé fyrir þetta frumvarp til þess að

---

<sup>2</sup> *The Economics of Imperfect Competition*, Joan Robinson, Creative Media Partners, LLC, 2021

<sup>3</sup> *Notes on Monopsony Model of Gender Wage Gaps*, R.L. Oaxaca, University of Arizona, [http://www.u.arizona.edu/~rlo/696i/Monopsony\\_Model\\_Latex.pdf](http://www.u.arizona.edu/~rlo/696i/Monopsony_Model_Latex.pdf)

<sup>4</sup> *Pigouvian Exploitation of Labor*, Josep Persky and Herbert Tsang, *The Review of Economics and Statistics*, Vol. 56, No. 1 (Feb., 1974), pp. 52-57 (6 pages) <https://www.jstor.org/stable/1927526>



tryggja félagafrelsi, enda sé það nú þegar til staðar. Það sé hins vegar afar mikilvægt á grundvelli almannahagsmuna að ekki séu gerðar breytingar á þeim lagaramma sem gildir hér á landi um vinnumarkaðinn líkt og lagt er til í þessu frumvarpi.

Landssamband Íslenzkra verzlunarmanna leggst því alfarið gegn samþykkt þessa frumvarps.

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Ragnar Þór Ingólfsson'. The signature is fluid and cursive.

---

Ragnar Þór Ingólfsson  
Formaður LÍV